

inu, verður eigi sjeð, að hann hafi beðið neitt tjón við lögtaksgjörðina, er stefnda verði skylduð til að bæta honum, en málskostnað ber hinni stefndu hreppsnefnd að greiða áfrýjanda að skaðlausu.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjanda lögtaksgjörð skal úr gildi felld. Hin stefnda hreppsnefnd Hrafnagilshrepps greiði áfrýjandanum, vicekonsúl J. V. Havsteen, kostnað máls þessa að skaðlausu innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. aprílmánaðar.

Nr. 50/1892:

E. Egilsson fyrir hönd

W. Lucasar

gegn

sýslumanni Franz Siemsen.

D ó m u r:

Með stefnu 15. desbr. f. á. hefur E. Egilsson af hendi W. Lucasar áfrýjað til landsyfirdómsins dómi gestarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, gengnum 7. desbr. f. á., en með þeim dómi er hinn stefndi Franz Siemsen sýknaður af kröfum Egilssons fyrir hönd Lucasar, en Egilsson fyrir hönd Lucasar gjört að greiða Franz Siemsen 30 kr. í málskostnað, og krafizt fyrst og fremst, að dómi gestarjettarins verði hrundið og breytt í þá átt, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 1394,80 með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og allan af málinu leiðandi kostnað skað-

laust eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur eða að stefndi verði sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjandans og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda eitthvað nægilegt í málskostnað fyrir báðum rjettum.

Hinn 22. desember 1884 gaf Lucas kaupmaður í Kaupmannahöfn, er taldi til skuldar hjá Jóel Sigurðs-syni, þá kaupmanni í Reykjavík, yfirrjettarmálaflutningsmanni Bang í Kaupmannahöfn umboð til þess, að heimta inn — ef til kæmi með lögsókn — skuld sína hjá Jóel, og veitti hann honum í sama skjali umboð til þess, að fela öðrum manni þetta í sinn stað; 24. desbr. 1884 gaf hann — Bang — cand. juris Franz Siemsen — stefnda í þessu máli — umboð til þess fyrir sína hönd að reka þetta erindi. Tók þá stefndi Franz Siemsen að sjer umgetna innheimtu og gjörði 1. febrúar 1885 samning við Jóel Sigurðsson þess efnis, að Jóel ljet af hendi við hann til lúkningar skuld sinni við W. Lucas 400 kr. í peningum, vöruförða sinn í Reykjavík og útstandandi skuldir, og skyldi stefndi hafa heimild til að selja vörurnar á uppboði og innheimta skuldirnar, en það, sem inn kæmi fram yfir skuld Lucasar, skyldi hann greiða Jóel eða eptir rádstöfun hans. Stefndi, sem ljet samkvæmt þessu selja vöruförða Jóels á uppboði, og tók til að innheimta verzlunarskuldir hans, sendi nú smátt og smátt Bang málsfærslumanni tölvert upp í skuld Jóels til Lucasar, en í ágústmán. 1887 sagði hann af sjer innheimtunni og skilaði henni aptur í hendur Bang. Nú hefur áfrýjandinn í umboði W. Lucas höfðað mál þetta gegn stefnda fyrir það, að hann hefði eigi rekið tjeð inn-

heimtuumboð svo sem vera skyldi, og eigi gjört tilhlýðileg skil fyrir fje því, er honum hefði innheimzt m. m., og álitur hann, að stefndi eigi enn að standa Lucas skil á 1394 kr. 80 a.

Eins og þegar hefur áður verið tekið fram, þá fól málsfærslumaður Bang stefnda á hendur umrædda innheimtu á skuld Jóels til Lucasar *fyrir sína hönd*, og málið ber einnig ljóslega með sjer, að stefndi hefur skoðað sig sem umbodsmann hans í innheimtunni, enda sendi honum fje það, er innheimtist, og sjerstaklega skilaði hann af sjer innheimtunni í hans hendur, þegar hann vildi eigi lengur hafa hana á hendi. Það verður því að fallast á það álit undirdómans, að umbjóðandi stefnda í þessu tilliti hafi verið málsfærslumaður Bang, en ekki Lucas, og að hinn síðarnefndi geti því eigi, eins og málið liggur fyrir, á talið vanskil af hendi stefnda í hjer um ræddum umbodsrekstri. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm, bæði að því aðalefni málsins snertir og málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi gestarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn E. Egilsson fyrir hönd W. Lucasar stefnda sýslumanni Franz Siemsen 20 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.